

## Fundargerð stjórnar Umhyggju. 11.febrúar.

### Fundur settur 11:40.

Mætt voru: Regína Lilja, Þórunn, Kristín, Margrét Vala og Eva Hrönn. Einnig sátu fundinn Ragna og Árný starfsmenn Umhyggju.

#### Fundargerð síðasta fundar yfirfarin og undirrituð.

1. Rætt var um tilboð í 2,5 % Umhyggju vegna eignarhlut Sjónarhóls. Samþykkt tilboð frá Sjónarholi.
2. Stjórn tilkynnt um að lyklar hafa verið afhentir af nýju íbúð Kunnavogi 15. Stjórn upplýst um framkvæmdir sem eru að fara í gang, m.a bílastæðahús. Bílastæði Umhyggju er stærra og aðgengilegra en önnur stæði. Verið er að vinna að umgengismálum í íbúðinni. Ákveðin skoðunarferð Stjórnar í íbúðina. Beðið verður með leigu á íbúðinni fyrr en íbúðin er orðin aðgengileg.
3. Rætt um fyrirhugaðann aðalfund 2020
4. Stjórn þarf að útbúa nýja starfsáætlun fyrir árið 2020. Formaður las yfir starfsáætlun 2019. Stjórn Umhyggju er enn að vinna að því að finna lögfræðing í verktakavinnu sem var á starfsáætlun 2019. Eva Hrönn bauðst til að taka hlutverki lögfræðings fyrir Umhyggju. Næsti stjórnarfundur verður tileinkaður starfsáætlun stjórnar 2020.
5. Rætt var um afmælisundirbúning en Umhyggja á stórafmæli í ár. Stjórn upplýst um fund afmælisnefndar og hugmyndir hennar.
6. Önnur mál. Rætt um hugmyndir að fjárlögun og styrkjum.

Rætt um málefni Málefli. Fyrirspurn kom frá félaginu með hvaða reglur séu í gildi varðandi aðildarfélög Umhyggju. Árný falið að svara félaginu útfrá lögum Umhyggju.

Rætt um Hetjuna í samhengi við fyrirspurn Málefis. Rögnu falið að eiga samtal við Hetjurnar.

Árný upplýsti stjórn um að Sálstofan hafi hug að því að bjóða foreldrum langveikra barna uppá núvitndarnámskeið. Sálstofan óskaði eftir samstarfi við Umhyggju. Stjórn tók jákvætt í það.

Rætt um málefni Sjónarhóls. Umhyggju falið að tilnefna starfsmann til að að aðstoða Sjónarhól. Ragna og Árný munu taka það að sér.

Fundi slitið kl 13:00

*Regína Lilja MeegnSeðettor  
Eva H. Jónsdóttir*

## Fundargerð stjórnar Umhyggju. 3.Mars, 2020.

Fundur settur 11:40.

Mætt voru: Regína Lilja, Andrés, Margrét Vala og Eva Hrönn. Einnig sátu fundinn Ragna og Árný starfsmenn Umhyggju.

Fundargerð síðasta fundar yfirfarin og undirrituð.

1. Starfsáætlun stjórnar 2020-2021 áfram rædd. Starfsáætlun verður kláruð á næsta stjórnarfundi Umhyggju. Stjórn mun vinna í starfáætluninni milli funda rafrænt.
  - Rætt um lögfræðiaðstoð Umhyggju í starfsáætlun. Eva Hrönn mun sinna starfi lögfræðings sem tilraunarverkefni til eins árs. Evu Hrönn falið að setja upp drög að verkefnum sem lögfræðingur Umhyggju mun sinna.
2. Starfsmannamál.
  - Rætt um starfsmannamál Umhyggju.
  - Farið yfir herbergjaskipulag.
  - Berglind Jóna Jensdóttir boðin velkomin til starfa. Hún hefur hafið störf sem sálfræðingur hjá Umhyggju í 50&% stöðu.
  - Kristbjörg Þórisdóttir hefur einnig hafið störf sem sálfræðingur í verktakavinnu.
4. Önnur Mál.
  - Rætt um tölvumál.
  - Rætt um persónuverndarmál. Rögnu falið að fara í Persónuverndarmál Umhyggju.
  - Rætt um aðalfund Umhyggju. Hann verður þann 20.apríl, nk.
  - Farið yfir mál afmælisnefndar. Stjórn upplýst um gang mála.
  - Rætt um afmælisviðburði.

Regnu tilga Meynbol.

MARGRÉT VALA M.  
Pommu Þórmundur

Eva H. Jónsd.

Jónsd.

Fundargerð ritaði Margrét Vala Marteinsdóttir

Fundargerð stjórnarfundar Umhyggju 5. maí 2020 kl. 11:30.

Fundurinn fór fram með fjarfundabúnaði. Mætt voru Andrés, Eva, Margrét Vala, Regína og Þórunn auk Rögnum og Árnýjar.

1. Rætt um fundargerð síðasta fundar. Vala sendir hana á stjórn þegar hún er tilbúin.
2. Aðalfundur:
  - a. Tvö sæti fagmanna laus í stjórn Umhyggju á aðalfundi. Rætt um mögulega kandídata.
  - b. Búið að bóka Grand Hótel, þar komast 45 manns með 2 metra fjarlægð. Það verður streymi frá fundinum. Ákveðið að hafa skráningu á fundinn svo hægt sé að áætla fjölda og gera ráðstafanir. Árný og Ragna útfæra þetta og hafa samband við aðildarfélögum.
  - c. Veitingar. Bjóða upp á kaffi og eitthvað smotterí sem fólk getur tekið með sér inn.
  - d. Engar lagabreytingar hafa borist ennþá.
  - e. Deloitte gera ársreikning og fara yfir á aðalfundi.
  - f. Rætt um plan B ef formaður kemst ekki á aðalfund. Varaformaður verður staðgengill ef svo ber undir.
  - g. Regína gerir skýrslu stjórnar sem verður lesin upp á aðalfundi.
  - h. Fara yfir drög að starfsáætlun á aðalfundi eins og síðast.
    - i. Regína hefur samband við fundarstjóra og staðfestir staðsetningu aðalfundar.
3. Ragna bað stjórnarmenn að koma við á skrifstofu Umhyggju og skrifa undir reikninga, skýrslu stjórnar o.fl. sem stjórn þarf að undirrita.
4. Undirritun kaupsamnings við Sjónarhól. Regína, Andrés og Þórunn fara og skrifa undir þar í vikunni.
5. Rætt um kynningararmyndband. Almenn ánægja með það. Rætt um birtingu myndbandsins og notkun. Rætt um birtingu á Facebook eða í sjónvarpi. Tillaga um að Umhyggja opni Instagram aðgang. Rætt um að skipta myndbandinu upp í minni hluta sem hægt er að birta sérstaklega. Ákveðið að koma þessu í dreifingu sem fyrst og setja kraft í að auka sýnileika Umhyggju.
6. Rætt um endurskoðun skipulagsskrár styrktarsjóðsins. Ragna ítrekar við lögfræðing að þessu verði að vera lokið fyrir 15. maí. Annars tekur Eva að sér að vinna þetta.
7. Rætt um styrki til einstakra úrræða í tilefni afmælisárs. Regína ætlar að taka saman lista yfir öll heimili fyrir börn á landinu.
8. Eva sendi texta um lögfræðiráðgjöf sem verður settur á vefsíðu Umhyggju.

Fleira ekki á dagskrá, fundi slitið kl. 12:20.

Regína Vala Meynvald.  
MARGRÉT VERA M.  
Þórunn Rögnudóttir  
Eva Ó. Jónsd.  
Jónsdóttir